

Vikufréttir

Vika 7(15.02.2021 – 19.02. 2021)

Mánudagur

- ✓ Bolludagur
- ✓ Ytra mat fer fram 15.feb. – 18.feb.
- ✓ Rýnihópur ytra mats – kennarar kl. 14:45 – 15:45 í 9.bekkjarstofunni
- ✓ Rýnihópur ytra mats– skólaráð kl. 16:00 – 16:40 fundur fer fram á Teams
- ✓ Deildarstjóri fundar með list- og verk. kl 14:30

Þriðjudagur

- ✓ Sprengidagur
- ✓ Vinabekkirnir 1. og 6.bekkur hittast og sprella
- ✓ Rýnihópur ytra mats – yngri nemendur kl. 10:00-10:40 í fundarherbergi
- ✓ Rýnihópur ytra mats – foreldrar kl. 15:30 – 16:30 fundur fer fram á Teams

Miðvikudagur

- ✓ Öskudagur - öskudagsgleði á öllum stigum. Við hvetjum nemendur og starfsfólk til að mæta í búningum í skólann
- ✓ Rýnihópur ytra mats – eldri nemendur kl. 10:50 – 11:30 í fundarherbergi

Fimmtudagur

- ✓ Rýnihópur ytra mats – aðrir starfsmenn kl. 13:00 – 13:40 í 10.bekkjarstofunni
- ✓ Teymisfundur með rýnihóp kl. 14:30

Föstudagur

Spakmæli:

„Það er enginn leið að hamingjunni. Hamingjan felst í leiðinni sjálfri“

Annað:

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leik- grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það gert með skoðun á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Af hverju er öskudagur haldinn hátíðlegur?

Öskudagur er upphafsdagur lönguföstu, miðvikudagurinn í 7. viku fyrir páska.

Dagsetning hans getur sveiflast á milli 4. febrúar til 10. mars. Öskudagur hefur lengi verið mikilvægur í katólska kirkjuárinu og nafn hans er dregið af því að þá er sums staðar ösku dreift yfir höfuð kirkjugesta, og til þess notaður jafnvel sérstakur vöndur. Annars staðar þekkist að ösku sé smurt á enni kirkjugesta. Eins og lesa má á mörgum stöðum í *Bíblíunni*, tákna aska hið forgengilega og óverðuga en að auki hefur hún verið talin búa yfir heilnæmum og hreinsandi krafti. Langafasta er hinn kirkjulegi tími iðrunar og dreifing ösku yfir söfnuðinn minnir hann á forgengileikann og hreinsar hann um leið af syndum.

Ein er sú hefð tengd öskudeginum sem ekki finnst annars staðar en á Íslandi, en það er sú venja að hengja öskupoka á fólk. Kannski má rekja upphaf þess til katólskunnar og krafts öskunnar sem gjarnan var mögnuð með heilögu vatni. Sóttu menn í að taka ösku með sér heim úr kirkjum til að blessa heimilið. Þessi pokasiður þekkist á Íslandi allt frá miðri 18. öld, mögulegt er að heimild öld eldri greini frá sama sið. Hér skiptist pokasiðurinn lengi vel í tvennt eftir kynjum: konur hengdu öskupoka á karla en karlar poka með steinum á konur. Líklegt er að ólík kynjahlutverk og aðgengi að hlutum hafi þar skipt máli, en lykilatriði hjá báðum kynjum var að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.

Tekið af vísindavefur.is

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Guðís Jónsdóttir